

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 10850/2020

Reykjavík, 22. janúar 2021

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir,
dómsmálaráðherra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Umboðsmanni Alþingis barst nýverið kvörtun vegna tafa á afgreiðslu Útlendingastofnunar á umsókn einstaklings um íslenskan ríkisborgarárétt frá því í febrúar 2020. Í kvörtuninni, og þeim gögnum sem henni fylgdu, kom fram að Útlendingastofnun hefði veitt þau svör vegna fyrirspurna umsækjanda um stöðu málsins frá því í september og október sl. haust að umsóknin hefði enn ekki verið tekin til vinnslu og að umsóknir sem bárust í ágúst 2019 væru í vinnslu.

Í bréfi Útlendingastofnunar, dags. 15. janúar sl., kemur m.a. fram að umsóknin sem kvörtunin laut að hafi enn sem komið er ekki verið tekin til afgreiðslu og að nú sé unnið að því að afgreiða umsóknir sem bárust í september 2019. Af svörunum að öðru leyti verður ráðið að ástæður þeirra tafa sem orðnar eru á afgreiðslu umsóknar viðkomandi einstaklings séu af almennum orsökum, þ.e. vegna mannafla og málafjölda stofnunarinnar, en ekki vegna atriða sem varða mál viðkomandi. Ég hef því tilkynnt viðkomandi að ég telji ekki tilefni til að aðhafast frekar í máli hans að svo stöddu. Hins vegar tel ég málið og svör Útlendingastofnunar til míni gefa mér tilefni til að rita ráðherra þetta bréf.

Um almennar tafir á afgreiðslu umsókna um ríkisborgarárétt kemur eftirfarandi fram í bréfi stofnunarinnar:

„Ein helsta ástæða þess að málsmálförðartími ríkisborgaraumsókna hefur dregist úr hófi fram er sú mikla vinna sem hefur farið í vinnslu umsókna um ríkisborgarárétt til Alþingis. [...] Í heildina hafa verið teknar rúmlega 1800 [sílikar umsóknir] til vinnslu frá árinu 2015. Útlendingastofnun tekur til gögn og gefur umsögn um allar umsóknir sem fara fyrir Alþingi ásamt því að mæta á fundi [allsherjar- og menntamálanefndar] vegna umsóknanna. Þessi vinna hefur gengið framar vinnslu almennra umsókna.“

Auk þess kemur fram að stofnunin sé meðvituð um þessa stöðu og að brýnt sé að ná málsmálförðartíma niður. Að þessu leyti kemur fram að umbótavinna hafi farið fram undanfarið í tengslum við afgreiðslu umsókna um ríkisborgarárétt til Alþingis og að nokkur árangur hafi náðst í að einfalda og minnka vinnu við vinnslu þeirra. Þá kemur einnig fram að

unnið sé að umbótum í tengslum við afgreiðslu almennra umsókna um ríkisborgararétt. Að því leyti sé nú unnið að því í samstarfi við Stafrænt Ísland að gera umsóknarferlið rafrænt. Er áætlað að þeirri vinnu verði lokið á vormánuðum og stefnt sé að því að umsóknir verði komnar til vinnslu innan sex mánaða eftir að þær berast í lok ársins 2021.

Í ljósi þess að samkvæmt 27. lið 3. gr. forsetaúrskurðar nr. 119/2018 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands farið þér og ráðuneyti yðar með yfirstjórn þess málaflokks er lýtur að ríkisborgararétti og framkvæmd laga nr. 100/1952 tel ég rétt að upplýsa yður og ráðuneytið um þær almennu tafir sem fyrir liggur að verða á umsóknum um ríkisborgararétt með stjórnvaldsákvörðun. Að þessu leyti tek ég fram að skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar með stjórnvaldsákvörðun lúta að mestu leyti að hlutlægum atriðum sem koma fram í gögnum sem umsækjendur láta stofnuninni í té samhliða umsóknum sínum.

Þá vek ég einnig sérstaka athygli á því að samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laganna eru ákvarðanir Útlendingastofnunar um veitingu ríkisborgararéttar undanþegar ákvæðum III.-V. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Af því leiðir að umsækjendur sem telja óhæfilegan drátt hafa orðið á afgreiðslu umsóknar sinnar geta ekki kært þann drátt til ráðuneytis yðar, sbr. 4. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga, sbr. einnig 17. gr. laga nr. 100/1952, og eru því möguleikar umsækjenda sem eru í þeirri stöðu til að fá bindandi úrlausn æðra stjórnvalds, um hvort óréttlættar tafir hafi orðið á meðferð umsóknar þeirra, takmarkaðari en almennt er í stjórnsýslunni.

Í ljósi framangreinds óska ég þess jafnframt, með vísan til 7. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að dómsmálaráðuneytið veiti mér upplýsingar um hvort ráðuneytið hyggist eða hafi þegar gripið til einhverra aðgerða til að bregðast við þeim vanda sem uppi er hjá Útlendingastofnun og geri mér þá grein fyrir þeim fyrirætlunum. Ef svo er ekki er þess óskað að ráðuneytið skýri ástæður þess og lýsi afstöðu sinni til þess hvort það samrýmist yfirstjórnar- og eftirlitshlutverki ráðherra gagnvart stofnuninni með tilliti til almennra málshraðareglna stjórnsýsluréttarins og þeirra réttinda og hagsmunu sem í húfi eru.

Framangreind beiðni þessi er sett fram til þess að unnt sé að meta hvort tilefni sé til að taka framangreinda þætti í stjórnsýslu ráðuneytisins til almennrar athugunar á grundvelli þeirrar heimildar sem umboðsmanni er fengin með 5. gr. laga nr. 85/1997.

Virðingarfyllst,


Kjartan Bjarni Björgvinsson